



Nefndarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Búðardal, 08.06 2022

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036, þingskjal 799 — 563. mál.

Vísað er í erindi frá nefndasviði Alþingis sem barst með tölvupósti, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 2022 – 2036, 563. mál.

Almennt um tillöguna

Sveitarfélagið Dalabyggð lýsir yfir ánægju með tillögu að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun. Í ályktuninni er vel farið yfir þá málaflokka sem hafa verið til umræðu á vettvangi sveitarfélaga og landshlutasamtaka ásamt því að brugðist er við þróun og breytingum á þjónustu, atvinnu og sjálfbærri þróun byggðar um allt land.

Umsögn um áætlunina

Dalabyggð tekur undir markmið í stefnumótandi byggðaáætlun 2022 – 2036 varðandi jafnt aðgengi að þjónustu. Opinber grunnþjónusta er hverju byggðarlagi mikilvæg og enn mikilvægara að hún verði skilgreind í lögum til að hægt sé að styðja við uppbyggingu á jöfnu aðgengi að henni. Í þessu samhengi fagnar Dalabyggð lið A.8. og A.15. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Nýsköpun og tækniþróun hefur verið í sókn á Vesturlandi og er það sveitarfélögum mikilvægt að stutt sé við þau verkefni sem farin eru af stað m.a. með stuðningi við setur og samvinnurými. Vísast þar í lið B.3. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Mikilvægt er að klára ljósleiðaravæðingu á þeim svæðum sem ekki voru með í fyrri áföngum s.s. þegar kemur að þéttbýliskjörnum. Ljósleiðaratenging er orðin einn af þeim þáttum sem fólk metur þegar kemur að flutningum og fyrirtækjarekstri. Það er mikilvægt að svæði sem ekki voru með í fyrri áföngum sitji ekki á hakanum sem gæti hamlað frekari uppbyggingu. Í þessu samhengi fagnar Dalabyggð lið A.1. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Dalabyggð hefur áður ályktað um mikilvægi farsímasambands og farneta á vegum úti en vill benda á að í svari við fyrirspurn á þingskjali 618, 353. mál, kemur fram að fjöldi lögheimila í dreifbýli er með slitrótt, lítið eða ekkert farsímasamband. Við þessu ber að bregðast um leið og samband á vegum úti er bætt.

Í sambandi við orkukostnað heimila væri vert að skoða möguleika á aðkomu ríkisins til að útvíkka dreifikerfi jarðvarmaveitna (hitaveitna) á landinu til að draga úr kostnaði heimila við upphitun með rafmagni þar sem það er möguleiki. Vísast þar í lið A.2. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Varðandi almenningssamgöngur þarf að horfa til þess að leiðarkerfi séu samtengd. Sem dæmi gera vetraráætlanir ekki endilega ráð fyrir að tengja byggðarkjarna á samliggjandi leið, á einum degi. Skoða þarf leiðakerfi út frá þeirri þjónustu sem íbúar í smærri byggðarlögum þurfa að sækja í stærri byggðarkjarna. Vísast þar í lið A.10. í aðgerðaáætlun 2022-2026.



Dalabyggð tekur heilshugar undir mikilvægi þess að við forgangsröðun framkvæmda í samgönguáætlun ætti að takamið af því að efla atvinnu- og þjónustusóknarsvæði. Ekki síst þegar kemur að því að bæta samgöngur og vegi fyrir íbúa dreifðari byggða sem þurfa að ferðast um langan veg til að sækja atvinnu og/eða þjónustu í næsta kjarna.

Varðandi tækni til náms og kennslu, aðgengi að námi og framboð náms þarf ríkið að stíga inn með lausnir fyrir háskóla til að bjóða öllum íbúum landsins upp á aðgengi að námi. Nauðsynlegt er að byggja upp markvisst fjarnám við skólana til að takast á við þarfir samfélagsins. Þar má nefna að ýmis fræðasvið og brautir eru eftirbátar þegar kemur að fjarnámskennslu sem kemur aðeins niður á þeim íbúum sem ekki hafa tök á að flytja sig um set á meðan námi stendur. Samkvæmt upplýsingum frá haustinu 2021 voru aðeins um 30 áfangar af nær 600 á Hugvísindasviði Háskóla Íslands skráðir sem fjarnámsáfangar. Vísast þar í lið A.12. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Varðandi innflytjendur er mikilvægt að liður A.7. í aðgerðaáætlun 2022-2026 nái fram að ganga, til að styðja við sveitarfélögin varðandi móttöku og upplýsingagjöf til þeirra íbúa.

Aðgengi íbúa, barna og ungmenna að menningu, listum, íþróttum og tómstundum óháð búsetu er hjartansmál í Dalabyggð. Sveitarfélagið býr við þá stöðu að geta ekki boðið upp á samfellu skóla og íþróttar þar sem viðeigandi íþróttaaðstaða er nú í um 20 km fjarlægð frá skóla. Miður er að opinber styrkur til möguleika á að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana sé bundinn við íþróttafélögin, þegar horft er til íþróttafélaga í minni sveitarfélögum sem hafa ekki burði til að standa að slíkum verkefnum. Vert væri að skoða fyrirkomulag á slíkum uppbyggingarstyrkjum með hliðsjón af stærðum sveitarfélaga.

Þegar horft er til póst- og vörudreifingar er vert að horfa til þeirra svæða sem liggja miðsvæðis eða á krossgötum til uppbyggingar á stöðvum til dreifingar. Íbúar utan höfuðborgarsvæðisins geta ekki tekið endalaust á sig hækkaðan kostnað við þjónustu í formi skerðingar á þjónustu s.s. með fækkun póstdreifingardaga.

Varðandi markmið um jöfn tækifæri til atvinnu þarf að horfa til þess að opinber störf sem ekki eru staðbundin séu auglýst fyrst til staðsetningar utan höfuðborgarsvæðisins. Vísast þar í lið B.6. og B.7. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Markmið til að ná kolefnishlutleysi mega ekki sporna við frekari uppbyggingu í minni sveitarfélögum og dreifðari byggðum. Endurheimt vistkerfa, landgræðsla og skógrækt geta vel farið með uppbyggingu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði, atvinnutækifærum, nýsköpun og sjálfbærri landnýtingu. Hérna þarf ríkið að mynda heildstæða stefnu varðandi skógrækt sem hamlar ekki áformum landeigenda um nýtingu lands í skógrækt og eyðir óvissu þeirra sem hyggjast fara í slíkta ræktun. Vísast þar í lið C.11. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Mikilvægt er að ljúka við greiningu á styrkleikum einstakra svæða með tilliti til atvinnuuppbyggingar og að sú greining verði aðgengileg almenningi sem getur þá tekið mið af henni varðandi uppbyggingarmöguleika á hverju svæði fyrir sig.

Dalabyggð fagnar markmiði um að auka afhendingaröryggi raforku og stuðning við orkuskipti á landsvísi sbr. lið B.1. og B.2. í aðgerðaáætlun 2022-2026. Íbúar Dalabyggðar hafa búið við ótrygga afhendingu raforku sem fram hefur komið í tíðu rafmagnsleysi, ekki síst í byrjun árs 2022. Það er ótækt að íbúar búi við rafmagnsleysi jafnvel svo sólarhringum skiptir. Styðja þarf við hraðari endurnýjun á dreifikerfi raforku þar sem línur eru orðnar eldri en 35 ára.

Varðandi markmið um sjálfbæra þróun byggða um land allt þyrfti að veita sveitarfélögum aðgang að fræðslu og aðstoð varðandi loftslagsmál, gerð áætlana og markmiða til að ná kolefnishlutleysi. Þessi málaflokkur er ört stækkandi og má ekki vera íþyngjandi fyrir smærri



sveitarfélög sem hafa yfir takmörkuðum mannafla og fjármagni að ráða. Vísast þar í lið C.10. í aðgerðaáætlun 2022-2026.

Mikilvægt er markmiðið um að tryggd verði nægilegt framboð af fjölbreyttu íbúðarhúsnæði með fjölgun íbúða á svæðum þar sem skortur á hentugu húsnæði hamlar eðlilegri framþróun og uppbyggingu byggðarlaga og atvinnulífs. Þar þarf einnig að auðvelda einstaklingsframtakið og þá ferli nýbygginga fyrir einstaklinga. Stuðla þarf að því að íbúðafélög leitist við að koma á samstarfi við verktaka og iðnaðarmenn í heimabyggð varðandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á hverjum stað. Vísast þar í lið C.5. í aðgerðaáætlun 2022-2026. Varðandi húsnæðisáætlanir sveitarfélaga í lið C.6. þarf einnig að horfa til þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa húsnæði til taks og geta því ekki myndað biðlista sem hafa áhrif á útreiknaða þörf sveitarfélagsins fyrir byggingu íbúðarhúsnæði.

Ánægjulegt er að sjá markmið um að sveitarfélög hafi fjárhagslega og faglega getu til að standa til lengri tíma undir lögbundnum verkefnum, innviðaupbyggingu og öðrum brýnum viðfangsefnum nærsamfélagsins. Til þessa markmiðs þarf að horfa í öllum þeim verkefnum sem lögð eru á herðar sveitarfélaga, nýjum verkefnum þarf að fylgja fjármagn til að sveitarfélögin geti skilað þeim vel frá sér. Því má velta fyrir sér hvernig eigi að ná þessu markmiði þegar boðað er að fjárveitingar til byggðamála lækki á næstu fimm árum.

Í tengslum við samhæfingu við aðrar stefnur og áætlanir má ekki gleyma að taka mið af stefnum hvers sveitarfélags. Ýmis verkefni eru samnefndari meðal sveitarfélaga og eiga greiða leið til ráðamanna gegnum landshlutasamtök en einnig geta komið upp sérhæfð verkefni eða sérstakar aðstæður sem kalla á beint samtal við sveitarfélögin sjálf.

Efling hringrásarhagkerfisins er mikilvæg og tekur Dalabyggð undir nauðsyn þess að byggðarlögum sem búa við veikan fjárhag, mjög dreifða byggð eða neikvæða byggðapróun verði veittir verði styrkir til sveitarfélaga til þess að styrkja úrgangsforvarnir og bæta meðhöndlun úrgangs í sveitarfélögum sbr lið C.8 í aðgerðaáætlun 2022-2026. Hins vegar er bent á að upphæðin sem tiltekin er í aðgerðaráætlun er allt of lág fyrir þetta viðamikla verkefni.

Lokaorð

Framlögð þingsályktunar tillaga er metnaðarfull og tekur á helstu málaflokkum og verkefnum sem sveitarfélögin hafa kallað eftir. Til að hún nái fram að ganga og uppfylli tilgang sinn þarf að tryggja að fjármögnun að fylgj hverju markmiði.

Virðingarfyllst,

Kristján Sturluson
Sveitarstjóri Dalabyggðar

